

Flateyri 09.03 1996.

Allsherjarnefnd Alþingis
co/ Sólveig Pétursdóttir formaður
Alþingi.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 1079

komudagur 17 / 3 1997

Efni:

Frumv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Ástæðan fyrir því að ég leyfi mér að senda háttvirtri allsherjarnefnd Alþingis eftirfarandi bréf er að ég tel að alls ófullnægjandi upplýsingar um afgreiðslu kirkjuþings á nefndu frumvarpi hafi borist Alþingi samhliða framlagningu þess og 1. umræðu.

Vera kann að Alþingi hafi nýlega borist gerðir kirkjuþings frá því í október 1996 og aukakirkjuþings frá 21.- 23. janúar s.l.

Þau leiðu mistök hafa orðið að ekki eru birt þar öll þingskjöl sem lögð voru fram, þ.m.t. breytingartillaga ásamt greinargerð samkvæmt meðfylgjandi blaði.

Að vísu er texti breytingartillögunnar birtur á bls.35 í gerðum aukakirkjuþingsins frá því í janúar sem og niðurstaða atkvæðagreiðslunnar þar sem breytingartill. var felld með 9 atkv. gegn 5 en 3 sátu hjá. Hvorki er þar birt greinargerðin, en þar er að finna forsendur fyrir tillöguflutningnum, né heldur greint frá umræðum um breytingartillöguna.

Mér þykir rétt að eftirfarandi sé hv. allsherjarnefnd ljóst. Við síðari umræðuna á aukakirkjuþinginu snérist umræður einkum um þessa breytingartillögu, enda voru allar aðrar tillögur frumvarpsins samþykktar samhljóða svo sem þær komu frá nefnum þingsins. Hjá nokkrum ræðumönnum (ég hygg 4 eða 5) kom það fram að þótt þeir væru sammála fyrri málsgr. greinargerðarinnar myndu þeir af öðrum ástæðum greiða atkvæði gegn breytingartillögunni eða sitja hjá.

Ég fullyrði ekki en spyr sjálfan mig hvort skýringar sé þar að leita í 2. mgr. greinargerðarinnar. Með því sem nú er ritað er ég að láta í ljós þá skoðun mína að ekki hafi í raun verið marktækur eða afgerandi meirihluti fyrir óbreyttri 2. mgr. 39. greinar.

Ég leyfi mér að vekja athygli hv. allsherjarnefndar á fyrri mgr. greinargerðarinnar með breytingartillögunni með eftirfarandi í huga.

Strax í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um sjálfræði þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Í athugasemdum um greinina og í ýmsun öðrum greinum frumvarpsins er nánar kveðið á um sjálfræði eða sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Þar er m.a. kveðið á um að kirkjuþing setji reglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Ekki fer á milli mála að þetta vald er innan lögmæltra marka. Þjóðkirkjan ræður því sjálf, að frumvarpinu samþykktu, hvernig þessum 138 prestsembættum verður ráðstafað, sbr. 1. mgr. 61. gr.

Ef 2. mgr. 39. greinar frumvarpsins verður lögfest, þá verður öll hagræðing eða tilfærsla á embættum presta innan þjóðkirkjunnar undir öðrum formerkjum en þeim sem Alþingi hefur ákveðið að ríkið starfi eftir. Ef prestsembætti ónýtist af einhverjum þeim sökum sem ekki eru tilgreindar í lögum nr. 70/96 að því er æviráðningu varðar, verður það að öllu leyti á kostnað kirkjunnar. M.ö.o., það mun ekki kosta ríkið svo mikið sem eina krónu að setja kirkjunni tilgreind hömlunarákvæði. Ég tel raunar ekki unnt að setja í lög eða reglur allar forsendur fyrir því að enbættisfærsla kunni að ónýtast.

Athyglisverð fannst mér þau rök sem fram komu í máli ungu prestanna (annars eða beggja) meðflutningsmanna nefndrar breytingartillögu, þ.e. að 5 ára reglan geti virkað sem forvörn þannig að enginn geti skákað í krafti æviráðningar í samskiptum sínum við sóknarbörn eða aðra aðila. Ég vil að lokum taka fram eftirfarandi:

1. Ekki ber að líta á afstöðu mína í tillöguflutningi og því sem fram kemur í bréfi þessu sem vantraust á prestastéttina. Þvert á móti tel ég að megin þorri hennar ræki embætti sín með ágætum.

2. Ég hef ekki handbærar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd laganna nr. 70 / 1996. Mér hefur þó borist til eyrna að fyrirhugað sé að starf verði ekki auglýst að liðnum hverjum 5 árum nema starfsmanni hafi verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Að því er varðar sóknarpresta þykir mér rétt að þeir eigi þá vörn í sínum málum komi fram ósk um að embættið verði auglýst laust-á sama hátt að hverjum 5 árum liðnum- að ráðherra auglýsi ekki embættið nema að fenginni umsögn biskups Íslands er hann semur að höfðu samráði við úrskurðarnefnd.

3.

Með tilliti til þess að undirritaður á sæti í kirkjuráði og er varaforseti þess, þykir mér rétt að taka það fram að ég hef hvorki haft tækifæri til þess að kynna eða bera efni þessa bréfs undir kirkjuráð og ber því að öllu leyti ábyrgð á því.

Ég leyfi mér að lokum að óska þess að þér, virðulegi formaður allsherjarnefnda, kynnið öllum nefndarmönnum bréf þetta með afriti.

Með virðingu.



Gunnlaugur Finnsson.

Hvilft 425 Flateyri.

Breytingartillaga

Við 39. gr. í frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Flm. Svavar A. Jónsson, Gunnlaugur Finnsson og Magnús Erlingsson.

Frsm. Svavar A. Jónsson.

Síðari málsgr. 39. greinar hljóði svo:

Embætti sóknarprests og prests skv. 34. gr. skal veitt samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar breytingartillögu telja óeðlilegt að stjórnvald, í þessu tilviki Alþingi sé bært með lögum að gera öðru stjórnvaldi, þ.e. yfirstjórn þjóðkirkjunnar, að lúta öðrum reglum en þeim sem ríkið hefur sett sér og á þann veg torveldað hagkvæmni í skipulagi og rekstri kirkjunnar, nú þegar fyrirsjáanlegt er að fjöldi prestsembætta sem ríkið greiðir laun fyrir verði ákveðinn.

Flutningsmenn fallast ekki á þær fullyrðingar sem fram hafa verið bornar á þinginu, um að verði 39. grein breytt sé málið í heild ónýtt. Engin haldbær rök hafa verið færð fram þar að lútandi, enda nokkuð einhuga samstaða um meginefni frumvarpsins og sammingsdrög um kirkjueignir.